

Egils saga Skallagrímssonar

Úr 44. kafla

Eiríkur konungur og Gunnhildur komu það sama kveld í Atley, og hafði Bárður þar búið veislu móti honum, og skyldi þar vera dísablót, og var þar veisla hin besta og drykkja mikil inni í stofunni.

Konungur spurði, hvar Bárður væri, -- "er eg sé hann hvergi."

Maður segir: "Bárður er úti og greiðir fyrir gestum sínum."

"Hverjir eru gestir þeir," segir konungur, "er hann lætur sér það skyldara en vera inni hér hjá oss?"

Maðurinn sagði honum, að þar voru komnir húskarlar Þóris hersis.

Konungur mælti: "Gangið eftir þeim sem tíðast og kallið þá inn hingað." Og var svo gert, sagt að konungur vill hitta þá.

Síðan ganga þeir. Fagnar konungur vel Ölvi og bað hann sitja gagnvert sér í öndvegi og þar förunauta hans utar frá. Þeir gerðu svo; sat Egill næstur Ölvi.

Síðan var þeim borið öl að drekka. Fóru minni mörg, og skyldi horn drekka í minni hvert. En er á leið um kveldið, þá kom svo, að förunautar Ölvis gerðust margir ófærir, sumir spjáu þar inni í stofunni, en sumir komust út fyrir dyr; Bárður gekk þá að fast að bera þeim drykk.

Þá tók Egill við horni því, er Bárður hafði fengið Ölvi, og drakk af; Bárður sagði, að hann þyrsti mjög, og færði honum þegar hornið fullt og bað hann af drekka. Egill tók við horninu og kvað vísu:

Sögðuð sverri flagða
sumbleklu ér, kumbla,
því telk, brjótr, þars blétuð,
bragðvísan þik, dísir;
leynduð alls til illa
ókunna þér runna,
illt hafið bragð of brugðit,
Báröðr, hugar fári.

Bárður bað hann drekka og hætta flimtun þeirri. Egill drakk full hvert, er að honum kom, og svo fyrir Ölvi.

Þá gekk Bárður til drottningar og sagði henni, að þar var maður sá, er skömm færði að þeim og aldregi drakk svo, að eigi segði hann sig þyrsta. Drottning og Bárður blönduðu þá drykkinn ólyfjani og báru þá inn; signdi Bárður fullið, fékk síðan ölseljunni; færði hún Agli og bað hann drekka. Egill brá þá knífi sínum og stakk í lófa sér; hann tók við horninu og reist á rúnar og reið á blóðinu. Hann kvað:

Rístum rún á horni,
rjóðum spjöll í dreyra,
þau velk orð til eyrna
óðs dýrs viðar róta;
drekkuð veig sem viljum
vel glýjaðra þýja,
vitum, hvé oss of eiri
öl, þats Báröðr signdi.

Hornið sprakk í sundur, en drykkurinn fór niður í hálm. Þá tók að líða að Ölvi; stóð þá Egill upp og leiddi Ölvi utar til dyranna og hélt á sverði sínu. En er þeir koma að dyrunum, þá kom Bárður eftir þeim og bað Ölvi drekka brautfararminni sitt. Egill tók við og drakk og kvað vísu:

Ölvar mik, þvít Ölvi
öl gervir nú fölván,
atgeira lætk ýrar
ýring of grön skýra;
öllungis kannt illa,
oddskýs, fyr þér nýsa,
rigna getr at regni,
regnbjóðr, Hávars þegna.

Egill kastar horninu, en greip sverðið og brá; myrkt var í forstofunni; hann lagði sverðinu á Bárði miðjum, svo að blóðrefillinn hljóp út um bakið; féll hann dauður niður, en blóð hljóp úr undinni. Þá féll Ölvir, og gaus spýja úr honum. Egill hljóp þá út úr stofunni; þá var niðamyrkur úti; tók Egill þegar rás af bænum.

Úr 73. kafla

Fara þeir þá leið sína, koma að dagverðarmáli til bæjar Þorfinns; hann bjó við Eiðaskóg; þeir Egill kröfðu dagverðar og æja hestum sínum. Þorfinnur bóndi lét heimilt skyldu það; ganga þeir Egill þá inn í stofu.

Egill spurði, ef Þorfinnur hefði var orðið við förunauta hans - "höfðum vér hér mælt mót með oss."

Þorfinnur segir svo: "Fóru hér sex menn saman nokkuru fyrir dag og voru vopnaðir mjög."

Þá mælti húskafl Þorfinns: "Eg ók í nótt eftir viði, og fann eg sex menn á leið, og voru það húskaflar Ármóðs, og var það miklu fyrir dag; nú veit eg eigi, hvort þeir munu allir einir og hinir sex menn, er þú sagðir frá."

Þorfinnur segir, að þeir menn, er hann hafði hitt, höfðu síðar farið en húskaflinn kom heim með viðarhlasið.

Og er þeir Egill sátu og mötuðust, þá sá Egill, að kona sjúk lá í þverpallinum; Egill spurði Þorfinn, hver kona sú væri, er þar var svo þunglega haldin.

Þorfinnur segir, að hún hét Helga og var dóttir hans - "hefir hún haft langan vanmátt," og það var kröm mikil; fékk hún enga nótt svefn og var sem hamstoli væri.

"Hefir nokkurs í verið leitað," segir Egill, "um mein hennar?"

Þorfinnur segir: "Ristnar hafa verið rúnar, og er sá einn bóndason héðan skammt í brott, er það gerði, og er síðan miklu verr en áður, eða kanntu, Egill, nokkuð gera að slíkum meinum?"

Egill segir: "Vera kann, að ekki spillist við, þó að eg komi til."

Og er Egill var mettur, gekk hann þar til, er konan lá, og ræddi við hana; hann bað þá hefja hana úr rúminu og leggja undir hana hrein klæði, og nú var svo gert. Síðan rannsakaði hann rúmið, er hún hafði hvílt í, og þar fann hann tálkn, og voru þar á rúnarnar. Egill las þær, og síðan telgdi hann af

rúnarnar og skóf þær í eld niður; hann brenndi tálknið allt og lét bera vind í klæði þau, er hún hafði haft áður. Þá kvað Egill:

Skalat maðr rúnar rísta,
nema ráða vel kunni,
þat verðr mörgum manni,
es of myrkvan staf villisk;
sák á telgðu talkni
tíu launstafi ristna,
þat hefr lauka lindi
langs ofrtrega fengit.

Egill reist rúnar og lagði undir hægindið í hvíluna, þar er hún hvíldi; henni þótti sem hún vaknaði úr svefni og sagði, að hún var þá heil, en þó var hún máttlítil, en faðir hennar og móðir urðu stórum fegin; bauð Þorfinnur, að Egill skyldi þar hafa allan forbeina, þann er hann þóttist þurfa.

Sótt á Snerpu þann 19. janúar 2017 af <https://www.snerpa.is/net/isl/egils.htm>